

Að verða sjálfbjarga



*Kennið þessar
ritningargreinar
og tilvitnanir í
bænaranda eða*

*aðrar reglur, ef þörf er á því,
sem verða systrunum sem þið
heimsækið til blessunar. Berið vitni
um kenninguna. Þjóðið þeim sem
þið heimsækið að segja frá því hvað
þeim finnst og hvað þær hafi lært.*

Hvað er að vera sjálfbjarga?

„Að vera sjálfbjarga þýðir að nota allar blessanir okkar sem koma frá himneskum föður til að hugsa um okkur sjálf og fjölskyldur okkar og finna lausnir á okkar eigin vandamálum.“ Hvert okkar ber þá ábyrgð að reyna að forðast fyrirfram vandamál og læra að yfirstíga áskoranir þegar þær birtast. . . .

Hvernig verðum við sjálfbjarga? Við verðum sjálfbjarga með því að afla nægilegrar þekkingar, menntunar, með lestri og skriftarkunnáttu, með viturlegri stjórn á fjármálum og hjálparlindum, með því að vera andlega sterk, undirbúast fyrir neyðaratvik og hættuástand og með því að hafa góða líkamlega heilsu og líða andlega vel.¹

Julie B. Beck, aðalforseti Líknarfélagsins.

Ábyrgð fagnaðarerindis

„Við verðum sjálfbjarga er við lifum með forsjá og aukum við andlegar gjafir okkar og hæfileika. Að vera sjálfbjarga er að taka ábyrgð á okkar eigin andlegri og stundlegri

velferð og þeirra sem himneskur faðir hefur falið okkur að gæta. Það er einungis þegar við erum sjálfbjarga sem við getum líkt eftir frelsaranum í þjónustu og blessun öðrum til handa.

Það er mikilvægt að skilja það að vera sjálfbjarga er leið að settu marki. Loka takmark okkar er að verða eins og frelsarinn og það takmark er aukið með óeigingjarnri þjónustu við aðra. Geta okkar til að þjóna eykst eða minnkar eftir því hversu sjálfbjarga við erum.“²

*Öldungur Robert D. Hales í
Tólpostulasveitinni.*

„Að vera sjálfbjarga er afurð okkar eigin vinnu og er undirstaða allra annara velferðarreglna. Það er nauðsynlegur þáttur í andlegri sem og stundlegri velferð okkar. Marion G. Romney [1897–1988] forseti hefur sagt um þessa reglu: „Við skulum vinna fyrir því sem við þörfnumst. Við skulum vera sjálfbjarga og sjálfstæð. Ekki er hægt að öðlast sáluhjálp með neinni annari reglu. Sáluhjálp er í höndum einstaklingsins og við verðum að vinna að okkar eigin sáluhjálpi í stundlegum sem og andlegum málum.“ . . .

Spencer W. Kimball forseti [1895–1985] kenndi einnig eftirfarandi um það að vera sjálfbjarga: „Hver einstaklingur ber fyrst og fremst sjálfur ábyrgð á félagslegri, tilfinningalegri, andlegri, líkamlegri og fjárhagslegri velferð sinni, svo

HUGMYNDIR FYRIR HEIMSÓKNARKENNARA

Sem heimsóknarkennari getur þú leitast eftir persónulegum innblæstri svo þú getir vitað hvernig best sé að bregðast við þörfum þeirra sem þér hefur verið falið að vaka yfir. Einbeittu svo framlagi þínu við að styrkja trú hvernar systur og fjölskyldu.

EIGIN UNDIRBÚNINGUR

1 Mós 3:19

Matt 6:33

K&S 82:18–19; 109:8

Nánari upplýsingar er að finna á www.providentliving.org; *All Is Safely Gathered In: Family Finances* (birgðanúmer 04007) og *All Is Safely Gathered In: Family Home Storage* (birgðanúmer 04008).

fjölskylda sinnar og loks kirkjunnar, sé hann trúfastur kirkjuþegn.“³

Thomas S. Monson forseti.

HEIMILDIR

1. “The Welfare Responsibilities of the Relief Society President,” *Basic Principles of Welfare and Self-Reliance* (2009), 4–5.
2. “A Gospel Vision of Welfare: Faith in Action,” *Basic Principles of Welfare and Self-Reliance* (2009), 1–2.
3. “Guiding Principles of Personal and Family Welfare,” *Liahona*, febrúar 1987, 3.

© 2009 by Intellectual Reserve, Inc. Allur réttur áskilinn. Prentað í Þýskalandi. Samþykkt á ensku: 6/09. Þýðing samþykkt: 6/09. Þýðing á Visiting Teaching Message, January 2010. Icelandic. 09361 190